

Rökræður sem hreyfa við þér

Hér er á ferðinni skemmtileg og skilvirk aðferð við að innleiða rökræður í skólastarfið. Aðferðin veitir nemendum færi á að vera algerlega óháðir og sveigjanlegir í hugsun.. Á meðan á rökræðum stendur geta nemendur ýmist barist fyrir, lagst gegn eða verið hlutlausir gagnvart málefninu allt eftir þeirra geðþótta á því og því augnabliki og sem viðbrögð við rökfærslum samnemenda. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar “Að læra gegnum samræður og samskipti”, “Að læra með því að hugsa” og “Að læra gegnum ígrundun og mat”.

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta kynnt sér sjónarhorn annarra
- Geta tjáð andstæð sjónarhorn á málefni
- Geta sýnt fram á og útskýrt hvernig hugsun þeirra hefur þróast og breyst á mismunandi augnablikum
- Geta beitt virkri hlustun
- Geta deilt hugleiðingum sínum um það sem þeir heyra og lagt mat á fullyrðingar
- Geta tjáð eigin hugsanir og skoðanir

Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir þó að nota að lágmarki 30 mínútur í verkefnið.

Efni

- Stól fyrir sérhvern þátttakanda
- Fullyrðing sem skrifuð er skýrt og greinilega á töfluna

Undirbúningur

Finndu fullyrðingu sem er í senn afdráttarlaus, kröftug og umdeilanleg. Best er ef hún tengist námsþáttum á einhvern hátt. Examples:

- Allir ættu að vera grænkerar (e. Vegan)
- Loftslagsbreytingar hafa alltaf átt sér stað gegnum söguna, svona bara virkar heimurinn.
- Allir bílar nema rafmagnsbílar ættu að vera ólöglegir.
- Ríkið ætti að sjá hverjum þegna sinna fyrir lágmarkslaunum.

- Fólk sem er heimilislaust er það vegna þess að einhvers staðar á lífsleiðinni tók það ranga ákvörðun.
- Það á að skylda öll börn til að taka þátt í frístundastarfi að skóla loknum.

Skref fyrir skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Raðaðu öllum stólum í "U".

Ég veit það ekki

Á móti			Með

Útskýrðu fyrir nemendum að þeir muni taka þátt í rökræðum þar sem heimilt er að skipta um skoðun í gríð og erg, allt eftir eigin geðþótta. Vera á móti en skipta um skoðun og vera með, vera óviss en svo skipta aftur um skoðun og vera á móti o.s.frv

Sýndu nemendum hvernig stólunum er raðað upp og útskýrðu að það að velja sér sæti á tilteknum stað spegla afstöðu þeirra hvort heldur sem er að vera með, á móti eða hafa ekki gert upp hug sinn.

Útskýrðu fyrir nemendum að þau ein megi taka til máls sem sitji í sætum sem fela í sér eiginlega afstöðu þ.e. á móti eða með.

***Allir nemendur mega færa sig hvenær sem er meðan á æfingunni (rökræðunum stendur) ***

2 Byrjun

Kynntu nemendum fullyrðinguna sem tekist verður á um með því að lesa hana upphátt. Biddu nemendur því næst að velja sér sæti sem speglar þeirra afstöðu við upphaf rökræðnanna.

Þessu næst biður kennari einn þeirra nemenda sem eru með fullyrðingunni að færa rök fyrir skoðun sinni en svo nemanda sem er á móti henni að gera slíkt hið sama beint í kjölfarið. Þetta heldur svona áfram meðan samræðurnar eru lifandi.

Nemendur skipta um stað hvenær sem þeim þóknast af því:

- þeir kunna að hafa heyrt sterka röksemdarfærslu.
- Þeir kunna að hafa upplifað sig vissa í sinni sök en finnast þeir ekki vera það lengur.
- Þeir kunna að vilja benda á rök sem hníga að annarri skoðun en þeir eru á (þá þurfa þeir ekki að færa sig til ef sannfæringin er enn þar sem þeir sitja).

3 Ígrundun

Þegar samræðurnar virðast orðnar tæmdar er best að binda enda á þær og koma öllum hópnum saman aftur til að ígrunda æfinguna. Ígrundunin fer þannig fram að nemendur ræða saman um/tjá sig skriflega um eftirfarandi spurningar:

1. Hvernig fannst þér að taka þátt í rökræðunum?
2. Hverju tókstu helst eftir hjá sjálfu/sjálfri/sjálfum þér eða bekkjarfélögum meðan á rökræðunum stóð?
3. Hvað heyrðirðu sem hafði áhrif á þankagang þinn...fékk þig til að færa þig um set, eða sannfærði þig enn frekar um afstöðu þína?